

MÁLPROSKARASKANIR

Einkenni og afleiðingar

Álfhildur Þorsteinsdóttir
Talmeinafræðingur

KYNNING

- ★ Talmeinafræðingur úr Hveragerði
 - Útskrifaðist frá HÍ 2012
- ★ Fyrri störf: Rangárþing ytra/Skólaskrifstofa Suðurlands, Skólaþjónusta Árborgar, Skólaþjónusta Árnesþings
- ★ Starfa núna hjá Grunnskólanum í Hveragerði & hjá Talþjálfun Suðurlands









ORSAKIR?

- ★ Heilkenni?
- ★ Þroskaskerðing?
- ★ Veikindi?
- ★ Heilaskaði?
- ★ Flog?
- ★ Vanörvun?

Málproskaröskun af óþekktum orsökum (DLD)

ALGENGI?



Ósýnileg
röskun

Af hverju er þetta
svona lítið þekkt?

Breytileiki




Breytist
með
aldrinum

Svipað og
hjá yngri
börnum

Skarast við
aðrar
raskanir

HVERNIG LÝSIR ÞETTA SÉR?

- ★ Slök hlustun
- ★ Slakur orðaforði
- ★ Slakur skilningur
- ★ Slök málfræði
- ★ Stuttar setningar
- ★ Slök hljóðkerfisvitund



TAL

- ★ Framburðarvandi
- ★ Einfaldar setningar
- ★ Illskiljanlegar setningar
- ★ Málfræði- og beygingarvillur
- ★ Minna frumkvæði
- ★ Leiðréttar síður viðmælanda
- ★ Erfiðleikar í ritun



HLUSTUN

- ★ Barnið svarar ekki í samhengi
- ★ Virðist ekki skilja hvað beðið er um
- ★ Giskar
- ★ Leitar samþykkis með óyrtum vísbendingum
- ★ Erfiðleikar við að skilja huglæg orð og orðatiltæki
- ★ Muna illa munnlegar upplýsingar


ORÐMINNISERFIÐLEIKAR

“Ég veit hvað þetta er ég bara man ekki hvað það heitir”


- ★ Algengur fylgifiskur DLD
- ★ Erfiðleikar við að finna orð
- ★ Langar setningar
- ★ Mörg innskotsorð
- ★ Tala í kringum hlutina
- ★ Rugla orðum saman
- ★ Getur einkennt ADHD og Dyslexiu




Dæmi úr talþjálfun



Pensill



Snjóbjörn



málning



kálfur




Handartak



MÁLNOTKUN

- ★ Oft veikleiki hjá þessum börnum
- ★ Tala of mikið/lítið
- ★ Trufla í samræðum
- ★ Leiðréttu ekki viðmælanda
- ★ Spá síður í áhuga viðmælanda
- ★ Bakgrunnsþekking
- ★ Hæg í tali
- ★ Of mikil smáatriði
- ★ Bókstafleg



FÉLAGSFÆRNI

- ★ Sækja oftár í að vera ein
- ★ Sækja frekar í að tala við fullorðna
- ★ Eiga erfitt með að stofna til vinskapar
- ★ Eiga ekki jafn djúp vináttusambönd
- ★ Oft erfitt að skilja reglur í leikjum
- ★ Erfitt að vera í stærri hóp
- ★ Meiri hættu á einelti / stríðni

Hvaða aðferðir nota sum börn með DLD til að fela veikleika sína?

- Nota ákveðna frasa til að halda samtölum gangandi
- Treysta á aðra í lífi sínu til að útskýra og aðstoða
- Forðast aðstæður sem reyna á málfærni
- Gera allt til að geðjast öðrum
- Nota óyrta tjáningu til að halda gefa skilning til kynna
- Sýna truflandi hegðun
- Treysta á aðra styrkleika eins og félagsfærni
- Herma eftir jafnöldrum

Og hverjar geta afleiðingarnar verið af því að fela vandann?

- Þeim er síður vísað í greiningu
- Þau eru oft dauðþreytt - sérstaklega eftir langa daga
- Neikvæð áhrif á andlega heilsu og sjálfstraust
- Þau upplifa breytingar á eigin persónuleika
- Þau eru misskilin
- Þau eru útsettari fyrir hópþrýstingi og útskúfun

HEGÐUNARERFIÐLEIKAR

1. **Algengi 40-60%**
2. **Ólík einkenni eftir aldri** > aukast með hækkandi aldri
3. **Úthverf hegðun**
 - a. Árásagirni
 - b. Truflandi hegðun
 - c. Ofvirkni
4. **Hlédrægni**
 - a. Kvíði
 - b. Þunglyndi

10 ára stelpa að fá sína fyrstu málþroskagreiningu:

Það sem Gunnu finnst erfiðast við tungumálið eru orðin og hljóðin í orðunum. Þegar hún er spurð hvað henni finnst auðveldast við tungumálið eða að tala segir hún að það sé eiginlega ekkert auðvelt. Hún lendir mjög oft í því að sleppa því að segja eitthvað ef henni finnst vanta orð til að koma því til skila.

Gunnu gengur mjög illa að skilja verkefni sem kennarinn leggur fyrir, hún spyr oftast vinkonu sína sem hjálpar henni. Henni finnst mjög erfitt að vinna einstaklingsverkefni í skólanum því hún skilur ekki orðin, hópverkefni eru mun auðveldari. Gunna segist oft lenda í því að missa af upplýsingum sem kennarinn segir yfir allan bekkinn. Gunnu þykir ekki gaman að lesa en henni finnst gaman að láta lesa fyrir sig, það er stundum gert í skólanum en ekki heima. Henni finnst mjög erfitt að lesa sjálfri, hún segist ekki sjá stafina og segir bara eitthvað.

Gunna er ekki mikið að senda skilaboð til vina heldur hringir frekar. Ef hún þarf að skrifa eitthvað spyr hún mömmu sína. Hún er ekki að spila tölvuleiki en er samt mikið í símanum og er þá aðallega að hringja myndsímtöl í vinkonurnar og leika sér á Tictoc. Gunna á þrjár vinkonur í skólanum, eina í sínum bekk og tvær í hinum bekknum. Hún lendir oft í því að skilja ekki orð sem krakkarnir nota og þorir þá ekki að spyrja því hún er svo hrædd um að það sé asnalegt. Krakkarnir hlæja líka þegar hún skilur ekki orðin og þá sérstaklega tvær stelpur í bekknum. Hún skilur heldur ekki brandara sem krakkarnir segja en hlær með svo hún líti ekki illa út. Áhugamál hennar eru fótbolti en hún hefur æft frá því hún var litil.

16. ára strákur að fá sína fyrstu málþroskagreiningu:

„... Danni á mjög erfitt með löng orð bæði í lestri og tali. Auðveldast finnst honum að hlusta á vini sína tala og skilur flest sem þeir segja. Hann lendir oft í því að sleppa því að segja eitthvað ef honum finnst vanta orð til að koma því til skila eða finnur ekki rétta orðið.

Það er farið að ganga aðeins betur í skólanum og hann er búin að taka sig mjög á í lestri síðustu vikur. Danni er að lesa Kidda klaufa og gengur það vel, hann skilur hana vel þar sem textinn er ekki of þungur. Almennt séð þykir honum þó ekki gaman að lesa. Danna þykir betra að vinna hópverkefni en einstaklingsverkefni aðallega því þá þarf hann ekki að gera allt sjálfur. Hann reynir samt að taka þátt eftir fremsta megni. Stundum missir hann af upplýsingum sem kennarinn segir yfir bekkinn t.d. „hittumst í salnum kl 12“ því hann „zone-ar“ út að eigin sögn.


Danni er í Snapchat hópum en hlustar bara mest og fylgist með, er mjög lítið að leggja til málanna sjálfur af ótta við að skrifa eða segja eitthvað vitlaust, einnig háir honum hvað hann er lengi að skrifa. Ef hann skrifar eitthvað lætur hann mömmu sína fara yfir það. Honum þykir gaman að spila tölvuleiki og spilar stundum samskiptaleiki við vini sína sem eru þá í heyrnartólum og þeir tala saman þannig (Fortnite og GTA). Hann á þrjá góða vini og er stundum úti með þeim eftir skóla eða í tölvuleikjum. Danni notar stundum ensk orð ef hann finnur ekki íslenska orðið en honum finnst oft auðveldara að finna enska orðið. Hann upplifir ekki að jafnaldrar misskilji hann eða að hann misskilji þá en það er oft erfiðara að skilja foreldra sína, hann spyr þá bara.

Myndband sem allir ættu að horfa á :)



... og svo aðeins um lestur!





LESTUR

1. **UMSKRÁNING**

Að lesa úr bókstöfum
Hljóðkerfisvitund

2. **AÐ SKILJA TEXTANN**

Málskilningur
Orðaforði

LESSKILNINGUR

- ★ Orðaforði
- ★ Tengslin koma fram á miðstigi
- ★ Lesskilningur **þarf** að vera góður



Snjóboltaáhrifin

Orðaforðasöfnun líkt við snjóbolta

Snjóboltarnir misstórir í upphafi



Raunhæfar væntingar

„Að búast við því að barn með málskilningserfiðleika skilji uppbyggingu texta án aðstoðar er eins og að setja taflborð fyrir framan manneskju sem kann ekki að tefla og gera ráð fyrir að hún kunni mannganginn og reglurnar í skák”

(þýtt frá Brittany C. Slp – Speechphonatic)



Maður er mæður

Fólk hefur **gjarnan** skoðanir á þeim einstaklingum sem taka að sér að lýsa kappleikjum. Oft er **mikið undir** í skemmtilegum og flottum leikjum og þá verður upplifunin jafnvel enn betri þegar leiklýsingin er **í traustum höndum**.

Síðustu misseri hefur körfuboltaþjálfarinn Ágúst Sigurður Björgvinsson lýst þeim ófáum leikjunum, aðallega í Domino's-deild kvenna þar sem hann er **öllum hnútum kunnur** en hann hefur einnig tekið að sér nokkra karlaleiki.

Þó Ágúst sé reyndur þjálfari og sigursæll í **pokkabót** er enginn **samnefnari** á milli þess að **viðkomandi** sé góður **pulur** að **miðla** leik til hundruða eða þúsunda heim í stofu. Það geta allir haft skoðun á þessari **iðju** en fæstir myndu halda almennilega út einir í fullar 40 mínútur og gera það **vel úr hendi**.

Ágúst hefur bæði verið fræðandi og skemmtilegur í sínum **nálgunum** og **fagnaðarefni** fyrir **körfuknattleiksunnendur** að enn fjölgi í **flóru þrælgóðra** lýsenda. Hann hefur stokkið nokkuð vel **mótaður** inn í þessar lýsingar og gerir hlutina **með sínu nefi**. Vel gert Gústi.

Hefur þessi maður nú verið **mæður**

Þætti þér gaman að lesa þennan texta ef þú skildir ekki öll undirstrikuðu orðin?



Hugsanlegar (slæmar) afleiðingar?

- ★ Brottfall úr framhaldsskóla
- ★ Meiri líkur á atvinnuleysi
- ★ Tilfinningavandi
- ★ Hegðunarerfiðleikar
- ★ Hlutfall DLD hjá afbrotamönnum er hátt
- ★ Rannsókn Bryan (2007) skoðaði hlutfall hjá ungum afbrotamönnum
 - 66-90% mældust neðan meðallags á málfarsmælingum
 - 46-67% mældust með mjög slakan málþroska

Og fleiri áhættuþættir

- Einstaklingar með DLD eru:
 - Sex sinnum líklegri til að glíma við lestrar- og stafsetningarerfiðleika
 - Fjórum sinnum líklegri til að eiga erfitt með stærðfræði
 - 12 sinnum líklegri til að glíma við allt ofangreint samtímis
- Stúlkur með DLD eru þrisvar sinnum líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi

Foreldrar sem talsmenn barnanna sinna

- ★ Hjálpaðu kennaranum að kynnst barninu þínu
- ★ Gefðu þér tíma til að kynnst kennara barnsins þíns
- ★ Hafðu trú á því að kennarinn er alltaf að gera sitt besta
- ★ Ekki bíða þar til vandamálin verða risastór
- ★ Bókaðu tíma eða hringdu þegar kennarinn á lausa stund
- ★ Hægt er að senda spurningar / upplýsingar á kennarann fyrir samtalið svo hann hafi færi á að undirbúa sig

Foreldrar sem talsmenn barnanna sinna

- ★ Horfðu á teymisfundi með jákvæðum augum þar sem allir koma saman til að hjálpa barninu þínu
- ★ Mundu að **pú** ert sérfræðingurinn í þínu barni
- ★ Vertu hreinskilin en hlustaðu jafnframt á kennarann og fólkið sem vinnur með barnið í skólanum
- ★ Það er allt í lagi að taka sér tíma og hugsa málin
- ★ Fylgdu hjartanu
- ★ Vertu sveigjanleg/ur
 - þarfir barna breytast með tímanum



Að vaxa úr grasi með DLD

3-5 ára

Fáðu athygli barnsins áður en þú talar við það

Útskýrðu merkingu nýrra orða

Bættu við setningar barnsins

Ekki tala of lengi í einu

6-10 ára

Vertu góð mál fyrirmynd

Útskýrðu flókna hluti á einfaldan hátt

Hjálpaðu barninu að mynda setningar þegar það segir frá

Gefðu barninu tíma til að svara

Að vaxa úr grasi með DLD

11-18 ára

Útskýrðu hvernig orð tengjast til að auka skilning

Kenndu barninu að nota sjálftal til að komast í gegnum flókna hluti og gera plön

Spurðu hvort þau vilji deila upplýsingum á annan hátt

Hvettu börnin til að spyrja ef þau skilja ekki

Fullorðnir

Vertu viss um að viðkomandi skilji þig

Dragðu upplýsingar saman

Taktu þér tíma til að ræða hlutina

Að vaxa úr grasi með DLD

Fyrir alla aldurshópa skaltu:

- gefa viðkomandi óskipta athygli
- kinka kolli eða gefa til kynna að þú skiljir á annan hátt
- nota myndir eða ritaða miða til að ýta undir skilning
- tala nógu hátt
- skrifa skýrt og skiljanlega



#DLDday 2023 theme

DLD AROUND THE WORLD



Friday 20th October 2023

Philip R. Curtis, Jennifer R. Frey, Cristina D. Watson, Lauren H. Hampton, Megan Y. Roberts (2018).

Language Disorders and Problem Behaviors: A Meta-analysis

Verónica Maggio, Nora Grañana, Alba Richaudeau, Silvio Torres. (2013) Behavior Problems in Children With Specific Language Impairment.

Orðapröskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi : hlutfall þekktra orða í náttúrufræðitexta og lesskilningur. (2017). Erla Lind Þórisdóttir.

Mother–Child Bookreading in Low-Income Families: Correlates and Outcomes During the First Three Years of Life. (2006). Raikes o.fl.

Hobson, H. M., & Lee, A. (2022). Camouflaging in developmental language disorder: The views of speech pathologists and parents. *Communication Disorders Quarterly*.
<https://doi.org/10.1177/15257401221120937> [open access]

RA DLD RAISING
AWARENESS OF
DEVELOPMENTAL
LANGUAGE DISORDER

DLD 
AND
ME
Developmental Language Disorder


The Communication Trust
Every child understood

Fleiri heimildir

<https://thedldproject.com/wp-content/uploads/2022/12/Evidence-Brief-Developmental-Language-Disorder-DLD-%E2%80%93-December-2022.pdf>

<https://thedldproject.com/dld-school-advocacy-tips/>

https://radld.org/wp-content/uploads/2022/09/RADLD_2022_Flyer_P4.pdf



MÁLEFLI



TAKK!